

birtingu dóms þessa, en sæti ella 2 daga einföldu fangelsi.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttatíraun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 29. f. m. af Sigurði Grimssyni cand. jur., hér í bæ, gegn Guðmundi Þorkelssyni, Bjargarstíg 2 hér í bænum, til greiðslu skuldar fyrir máflutning í málinu: Ingólfur Bjarnason f. h. Verzlunarfélagsins „Þór“ h/f. gegn Guðmundi Þorkelssyni, að eftirstöðvum samkvæmt reikningi kr. 925.29 með 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi 19. f. m. til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndur hefir hvorki mætt né mæta látið í málinu og er honum þó löglega stefnt. Verður þá eftir N. L. 1. 4. 32 og tilsk. 3. júní 1796, 2. gr. sbr. tilsk. 15. ágúst 1832, 8. gr., að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem reikningur sá, sem stefndi hefir lagt fram, kemur heim við dómkröfur hans og þær hafa engum andmælum sætt, verða þær teknar til greina að öllu leyti. Málskostnaðurinn ákveðst í samræmi við aukatekjulögin og lágmarksgjaldskrá máflutningsmannafélagsins kr. 125.00.

Föstudaginn 8. júní 1934.

Nr. 53/1934. **Réttvísni** (Bjarni Þ. Johnson)
gegn

Helmundi Gunnari Alexanderssyni
(Th. B. Lindal).

Íkveikja.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 17. marz 1934: Ákærður Helmundur Gunnar Alexandersson sæti betrunarhúss-

vinnu í 2 ár. Hann greiði og allan kostnað sakarinnar, þar með talinn kostnaðinn við gæsluvarðhald sitt.

Dómi þessum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Mál þetta hefir verið höfðað gegn ákærða aðeins fyrir brot gegn 28. kapitula hinn almennu hegningarlaga og heyrir afbrot hans, sem stefnt er fyrir, undir 1. málsgr. 283. gr. þeirra laga. Hefir héraðsdómariinn ákveðið refsinguna tveggja ára betrunarhússvinnu og er það vægasta refsingin fyrir afbrotið, sem heimilt er að dæma í samkvæmt greindu lagaákvæði. Það verður því ekki komið hjá því að staðfesta refsíákvæði hins áfrýjaða aukaréttardóms og ber einnig að staðfesta ákvæði dómsins um málskostnað í héraði.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar þar með talin málflytningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 60 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða aukaréttardómi skal óraskað.

Ákærði, Helgmundur Gunnar Alexandersson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflytningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti hæstaréttarmálflytningsmannanna Bjarna P. Johnson og Theódórs B. Lindal, 60 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Helgmundi Gunnari Alexanderssyni, nú til heimilis í Ingólfsstræti 23 hér í bænum, fyrir brot gegn ákvæðum 28. kaptula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869 og lögum nr. 51 frá 1928 um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina, sannaðir með eigin játningu ákærða, sem kemur heim við það, sem á annan hátt er upplýst í málinu:

Hinn 7. þ. m., kl. 1.25 árdegis kom brunaboð inn á slökkvistöðina, frá brunaboða nr. 14 á austurbæjarlinu, en brunaboði þessi er á horninu á Smiðjustíg og Hverfisgötu. Slökkviliðið fór samstundis á vettvang og kom þá í ljós, að kviknað var í húsinu Lindargötu 2 B. En húsið Lindargata 2 B er litill bær, byggður kringum 1889. Veggir hans eru úr höggnu grjóti, lítið ris, klætt bárujárni. Var bærinn einlyftur, með einu íbúðarherbergi og eldhúsi, en áfastur við bæinn var inngönguskúr úr timbri með járnþaki. Afstaða hans til næstu húsa er sem hér segir: Að austan er steinhús, með fullkomnum eldvarnarvegg og er fjarlægðin frá bænum að því húsi 7.2 metrar. Að sunnanverðu er smiðavinnustofa, steinhús, með eldvarnarvegg á móti bænum, og er fjarlægðin frá smiðavinnustofunni að inngönguskúr bæjarins 9.6 metrar. Að vestanverðu eru 2 metrar að húsinu nr. 2 við Lindargötu, en það er timburhús. Loks er að norðanverðu breidd Lindargötunnar til næstu húsa.

Er slökkviliðið kom á staðinn var kominn allmikill eldur í vesturenda bæjarins og í inngönguskúrinn, en jafnskjótt og búið var að koma vatninu í samband við slökkvitækin og byrjað var að dæla, þá varð eldurinn slökktur og tók það um 10 mínútur að slökkva.

Bær þessi var eign Ebenesers Helgasonar, þess er hafði byggt hann, og var bærinn virtur til brunabóta á kr. 3154.00. Eigandinn bjó ekki sjálfur í honum heldur hafði hann leigt hann ákærðum í máli þessu, og galt ákærði 10 krónur á mánuði í leigu. Ákærður er kvæntur maður og á 3 börn, en hann bjó um þessar mundir einn í bænum, því að kona hans og eitt barn höfðu um lengri tíma verið sjúklingar á Farsóttaspítalanum hér í bænum,

en hinum börnunum hafði verið komið fyrir annarsstaðar.

Lögreglunni virtist þegar, að ekki mundi allt vera með feldu um upptök eldsins í bæ þessum og var rannsókn þegar hafin í málinu og ákærður tekinn til yfirheyrslu. Kom þá meðal annars í ljós að hann hafði fyrir skemstu, eða hinn 2. febrúaar síðastliðinn, váttryggt húsmuni sína fyrir 3500 krónur, en sýnt þótti við lauslegt yfirlit, að sú váttrygging væri til muna of há. Yfirleitt var framburður ákærða um athafnir sínar um nóttina og um upptök eldsins ekki sem sennilegastur, enda fór það svo að eftir nokkrar vífilengjur viðurkendi ákærður, að hafa kveikt sjálfur í bænum í því skyni að hagnast á bruna húsmuna sinna. Hann skýrði svo frá, að honum hafi nú fyrir skemstu dottið í hug að kveikja í húsinu, en hann hafi þó ekki haft það í hyggju er hann váttryggði innanstokksmunina, að vísu kveðst hann hafa vitað, að hann váttryggði þá of hátt, en kvaðst hafa álitnið að váttryggingarfélagið léti virða þá síðar. Síðan kveðst hann hafa verið atvinnulaus og peningalaus með öllu; í vikunni áður en hann framdi ikveikjuna komu til Reykjavíkur bæði kola-skip og saltskip, og hafði ákærður von um að geta fengið vinnu í skipum þessum, en honum var neitað um vinnu við bæði skipin. Þá fór hugsunin um að kveikja í og brenna innanstokksmunina, í því skyni að hafa fé af váttryggingarfélaginu, að ásækja hann.

Kvöldið áður en hann kveikti í, kveðst hann hafa flúið bæinn, vegna þess hve hugsun þessi ásótti hann. En kvöldið eftir stóðst hann ekki freistinguna, eftir að hann var búinn að velta þessu töluvert fyrir sér um daginn. Hann kveðst hafa farið að hátt klukkan 9½—10 þetta kvöld og las í rúminu fram eftir. Klukkan kringum 1 kveðst hann svo hafa farið fram úr rúminu á nærklæðunum. Á kofforti einu, sem stóð út í horni í herberginu skamt frá ofninum, stóð oliúvél sem ákærður notaði til þess að hita sér kaffi á morgnana. Hafði ákærður nýlega fyllt oliúvélina með olíu er hann var að hita sér kaffi. Lokið á oliúvélinni var laust. Tók ákærður nú vélina og setti hana á hliðina og datt þá lokið af oliugeyminum og heltist olían niður í koffortið gegnum rifur á lokinu, en í koffortinu voru vinnuföt ákærða, fatarusl og ýmislegt dót.

Kveikti ákærður síðan á eldspitu og lét hana detta niður í koffortið gegnum rifu á lokinu. Kviknaði þá samstundis í og kom logi upp úr koffortinu. Beið ákærður síðan nokkra stund inni, meðan eldurinn var að læsast upp úr koffortinu, en er hann sá að hér og þar logaði upp úr því þá fór hann út á nærklæðunum, en setti á sig skóhlífar, sem hann tók í inngangsskúrnum. Fór hann síðan að húsinu Lindargötu 2, en þar býr eigandi bæjarins, vakti upp dóttur hans, spurði hana hvar brunaboði væri, fékk að vita það, og rauk þangað og braut brunaboðann, fór því næst heim aftur að bænum, en komst þá ekki inn í hann vegna reykjarsvælu og elds. Stúlka sú, sem ákærður vakti upp hefir staðfest þennan framburð ákærða. Á þeim tíma um nóttina, er eldurinn kom upp, var hægur norðankaldi.

Svo sem að framan segir, var bærinn mjög litill og að mestu úr steini, og hefði því eldur aldrei getað orðið mikill þótt hann hefði brunnið. Á þrjá vegu við bæinn virðist engin eldhætta hafa verið, en samkvæmt framburði slökkviliðsstjórans í Reykjavík telur hann sennilegt að kviknað mundi hafa í forstofu hússins nr. 2 við Lindargötu um leið og eldurinn hefði logað upp úr þaki bæjarins, ef ekkert hefði verið aðgert. Ákærður kveður og að fyr um kvöldið, áður en hann kveikti í, hafi verið dálitill norðvestan kaldi, og ef það hefði haldist, þá var eldhætta engin, en er hann kom út frá íkveikjunni og fann að komið var því nær logn, þá varð hann hræddur um að eldurinn kynni að læsast í forstofu hússins Lindargötu nr. 2 um leið og hann brytist út, og því var það að hann flýtti sér að hringja á slökkviliðið.

Menn þeir, sem útnefndir voru til að meta innanstokksmuni ákærða, mátu þá á kr. 1113.50. --

Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 12. marz 1897. Honum hefir ekki verið refsað áður fyrir nokkurt lagabrot. Hann sat í gæsluvarðhaldi frá 7—9 þ. m.

Framantalið afbrot hans ber að áliti dómarans að heimfæra undir 283. grein 1. mlg. hinna almennu hegningarlaga, og þykir refsing hans samkvæmt því hæfilega ákveðin betrunarhússvinna í tvö ár. Hann greiði og allan kostnað sakarinnar þar á meðal kostnaðinn við gæsluvarðhald sitt.

Á máli þessu hefir enginn óþarfa dráttur orðið.